



Tímabundið

STARFSLEYFI

vegna meðhöndlunar asbests

Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 6/2013 m.s.br. og reglugerða settum samkvæmt þeim eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið starfsleyfi til neðangreinds:

Leyfishafi:	Íslenskir Aðalverktakar hf.
Kennitala:	660169 2379
Aðsetur:	Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Leyfið gildir frá:	11. júlí 2022
Leyfið gildir til:	11. október 2022

Starfsemi og staðsetning verks:

Að fjarlægja og flytja til förgunar asbest úr lofti 240m² verkstæðis í Búrfellsstöð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fastanr. F2219163 – 37 0101.

Starfsleyfisskilyrði:

1. Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfisskilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdarinnar eða framkvæmdina í heild.
2. Framkvæmdaaðili/verktaki skal hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu.
3. Áður en verkið hefst skal liggja fyrir
 - a) framkvæmdaleyfi byggingafulltrúa, sé verkið framkvæmdaleyfisskylt,



- b) úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni.
 - c) heimild Vinnueftirlits til verksins.
4. Asbest skal ávallt rífa handvirkt og gæta skal fyllstu varúðar við alla meðhöndlun þess. Áhersla skal lögð á að rykbinda alla byggingahluta sem innihalda asbest. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands áskilur sér heimild til að krefjast þess fyrir niðurrif asbests í innirými að svæðið skuli lokað af með þéttu efni þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á asbesti út fyrir niðurrifssvæðið. Aðgangur að svæðinu skal þá vera í gegnum sérstakan loftræstan gang.
 5. Lágmarka skal rykmyndun við niðurrif steypu, múrs, asbest o.þ.h. á framkvæmdasvæðinu öllu svo og við brottflutning úrgangs eftir því sem við á, m.a. með skolun hjólbarða vöruflutningabifreiða í hvert sinn sem framkvæmdasvæði er yfirgefið.
 6. Asbest og úrgangi sem inniheldur asbest skal pakkað í þéttar umbúðir og flytja á förgunarstað í þéttum, lokaðum og merktum ílátum.
 7. Öllum spilliefnum, s.s. asbest, PCB, þungmálmum, kvikasilfri, olíum o.fl., skal halda aðskildum frá öðrum úrgangsefnum, s.s. múrbroti, timbri, járn, plasti o.þ.h.
 8. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang.
 9. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til slíks flutnings.
 10. Starfsemi skal hagað þannig að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna fjúkandi úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.
 11. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
 12. Ef í ljós kemur við niðurrif mannvirkis, byggingar eða byggingarhluta að jarðvegur á framkvæmdasvæðinu er olíumengaður skal tafarlaust hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sem ákveður frekari aðgerðir. Við meðhöndlun olíumengaðs jarðvegs skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
 13. Innan mánaðar frá verklokum tilgreindum í starfsleyfi þessu, skal framkvæmdaaðili senda Heilbrigðiseftirliti Suðurlands skýrslu um gerð, magn og lokaáfangastað alls byggingarúrgangs ásamt afritum af kvittunum fyrir móttöku hans, eftir því sem við á.



Starfsleyfisskilyrði þessi byggja á eftirfarandi lögum og reglugerðum eftir því sem við á:

- lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum,
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs,
- reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, með síðari breytingum,
- reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum,
- reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Leyfi þetta er bundið við ofan skráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra vinnslu en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Leyfishafi greiðir starfsleyfis- og eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er á hverjum tíma.

Selfossi, 8. júlí 2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi